



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

LYFJ2LS05
Lyfjafræði
Kennsluáætlun -Vorönn 2025

Kennari/ar: Sigrún Ína Ásbergisdóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni:

Lyfjafræði 103 eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur.

Sérlyfjaskráin á netinu.

Lýsing

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðsjúkdómum, geðsjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum og sykursýki. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfjanna, aukaverkanir, milliverkanir o.fl.

Forkröfur

LÍOL2IL05 og SJÚK2GH05 æskilegir undanfarar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómalyfja, geðlyfja, verkjalyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja og sykursýkislyfja
- helstu flokkum og áhrifum sýklalyfja, meltingarfæralyfja og lyfja við Alzheimer sjúkdómi
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttikúrfum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra.

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að vera með skólasókn samkvæmt skólareglum. Taka þrjár kannanir og vera virkur í tímum til að ná þessum áfanga. Þarf að ná öllum þrem könnunum, til að ná áfanganum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Hlutapróf	3 hlutapróf á önninni	75%
Verkefni/virkni	Mæting og virkni í tímum	25%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
15.01	Kynning á námsefni.	
2. vika 16.-20.1	Verknám	
3. vika 20.-24.1	Lyfjanöfn, Lyfjaskrá, skilgreiningar o.s.fr.	1. kafli
4. vika 27-31.01	Lyfjagjöf og lyfjaform	2. kafli
5. vika 03-07. 02	Lyfjahvörf, frásogsstaðir, skömmun lyfja. Kaflapróf úr köflum 1,2 og 3	3. kafli
6.vika 10.-14.02	Maga- og þarmalyf	4.kafli
7. vika 17-21.02 <u>ATH. 2</u> <u>vikur</u>	Verkjalýf	5.kafli
8. vika 24.-29.02	Tauga og Geðlyf	6.kafli
9. vika 03.-07.03	Kaflapróf úr köflum 4,5 og 6	
10. vika 10.-14.03	Verknám	

17-21.03	Verknám	
24 -28.03	Húðlyf (verknám)	7. kafli
31.03-04.04	Öndunarfæralyf	8. kafli
07.-11.04	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	9. kafli
14-21.04	Páskafrí	
22.4-25.4	Sykursýkislyf	10. kafli
28.04-02.05	Upprifjun	
09.05	Könnun úr köflum 7,8, 9 og 10	

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.